

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/113/EB

2007/EES/16

frá 3. desember 2003

um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE varðandi hámarksgildi tiltekinna varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m.a. aldinum og matjurtum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN
HEFUR,

EVROÞUBANDALAGANNA

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/62/EB ⁽²⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/60/EB ⁽⁴⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/69/EB ⁽⁶⁾, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/84/EB ⁽⁸⁾, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fyrirliggjandi virku efnunum 2,4-DB, línúroni og pendímetalíni var bætt við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB ⁽⁹⁾.
- 2) Nýju virku efnunum ímasamoxi, oxasúlfúroni, etoxýsúlfúroni, foramsúlfúroni, oxadiargýli og sýasófamíði var bætt við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB ⁽¹⁰⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 324, 11.2.2003, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, 24. september 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 33.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 70.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 155, 24.6.2003, bls. 15.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 175, 15.7.2003, bls. 37.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 247, 30.9.2003, bls. 20.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 101, 23.4.2003, bls. 3.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 39.

- 3) Skráning þessara virku efna í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE grundvallaðist á mati á þeim upplýsingum sem voru lagðar fram varðandi fyrirhugaða notkun. Nokkur aðildarríki hafa lagt fram upplýsingar um þessa notkun í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Fyrirliggjandi upplýsingar hafa verið endurskoðaðar og þær nægja til þess að ákvarða megi tiltekin hámarksgildi leifa.
- 4) Séu engin hámarksgildi leifa til á vettvangi Bandalagsins, hvorki fastsett né sett til bráðabirgða, skulu aðildarríkin setja til bráðabirgða eigin hámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE áður en plöntuvarnarefni, sem innihalda þessi virku efni, eru leyfð.
- 5) Að því er varðar skráningu þessara virku efna í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var tæknilegu og vísindalegu mati á þeim lokið með endurskoðunarskýrslum framkvæmdastjórnarinnar. Matsskýrslurnar fyrir fyrrgreind efni voru fullgerðar á þeim dögum sem tilgreindir eru í tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar sem nefndar eru í 1. og 2. forsendu Í skýrslunum voru sett gildi fyrir viðtekinn dagskammt og, þar sem nauðsyn bar til, viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar fyrir viðkomandi efni. Váhrif á neytendur matvæla, sem eru meðhöndluð með umræddu, virku efni, hafa verið metin í samræmi við reglur Evrópubandalagsins. Einnig hafa verið hafðar til hliðsjónar viðmiðunarreglur sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út ⁽¹¹⁾ svo og álit vísindanefndarinnar um plöntur ⁽¹²⁾ um þá aðferð sem beitt er. Niðurstaðan er sú að fyrirhuguð hámarksgildi leifa leiði ekki til þess að farið verði yfir viðtekinn dagskammt eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 6) Til að tryggja að neytendur njóti nægilegrar verndar gegn váhrifum af völdum leifa, sem stafa af óleyfilegri notkun plöntuvarnarefna skal setja fyrir viðkomandi samsetningar umræddra vara/varnarefna bráðabirgðahámarksgildi leifa sem svara til lægri greiningarmarka.

⁽¹¹⁾ Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfisstofnunarinnar (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, útg. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

⁽¹²⁾ Álit vísindanefndarinnar um plöntur varðandi spurningar um að breyta viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE (álit vísindanefndarinnar um plöntur, gefið 14. júlí 1998) (http://europa.eu.int/comm/food/fs/sc/index_en.html).

7) Setning slíkra bráðabirgðahámarksgilda leifa innan Bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin ákvarði bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir efnin í þessari tilskipun í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og VI. viðauka við þá tilskipun. Talið er að fjögur ár séu nægur tími til þess að heimila viðtækari notkun virka efnisins sem um er að ræða. Eftir það verða bráðabirgðahámarksgildi leifa endanleg.

8) Því er nauðsynlegt að bæta öllum varnarefnaleifum, sem myndast við notkun þessara plöntuvarnarefna, við í viðaukana við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE svo að hægt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim og með banni við notkun þeirra og til að vernda neytendur. Því ber að breyta viðaukum við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE til samræmis við það.

9) Tilskipun þessi er í samræmi við álit fasta-nefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Hámarksgildi varnarefnaleifa fyrir 2,4-DB, línúron og pendímetalín, ímasamox, oxasúlfúron etoxýsúlfúron, foramsúlfúron, oxadíargýl og sýasófamíð, sem tilgreind eru í I. viðauka við þessa tilskipun, bætast við A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE.

2. gr.

Hámarksgildi narefnaleifa fyrir pendímetalín, sem tilgreind eru í II. viðauka við þessa tilskipun, bætist við í II. viðauka A við tilskipun 86/363/EBE. Hámarksgildi varnarefnaleifa fyrir 2,4-DB og oxasúlfúron, sem tilgreind eru í III. viðauka við þessa tilskipun, bætist við í II. viðauka B við tilskipun 86/363/EBE.

3. gr.

Hámarksgildi varnarefnaleifa fyrir 2,4-DB, línúron, pendímetalín, ímasamox, oxasúlfúron etoxýsúlfúron, foramsúlfúron, oxadíargýl og sýasófamíð, sem tilgreind eru í IV. viðauka við þessa tilskipun, bætist við í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari sex mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 4. júní 2005.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um	Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)								
	2,4-DB	Línúron	Ímasamox	Pendímetalín	Oxasúlfúron	Etoxýsúlfúron	Foramsúlfúron	Oxadíargýl	Sýasófamið
KORN	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,02 (*) (p)
Bygg									
Bókhveiti									
Máis									
Hirsi									
Hafrar									
Hrísgrejón									
Rúgur									
Dúrri									
Rúghveiti									
Hveiti									
Aðrar korntegundir									

(*) Neðri greiningarmörk.

(p) Bráðabirgðahámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Verði þessu gildi ekki breytt verður það endanlegt og tekur gildi frá og með 31. desember 2007.

II. VIÐAUKI

Varnarefnaleifar	Hámarksgildi í mg/kg (milljónarhlutar)		
	Í fitu sem er í kjöti, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum úr 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr? 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602 (1) (4)	í hrámjólk og nýmjólk sem er skráð í I. viðauka undir SAT-númeri 0401 í öðrum matvælum undir númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 í samræmi við (2) (4)	í skurnlausum, nýjum eggjum, í fuglseggjum og eggjarauðu sem skráð eru í I. viðauka undir númerum 0407 00 og 0408 (3) (4)
Pendímetalín	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)

(*) Neðri greiningarmörk.

(p) Bráðabirgðahámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Verði þessu gildi ekki breytt verður það endanlegt og tekur gildi frá og með 31. desember 2007.

(1) Þegar um er að ræða matvæli með 10% fituinnihaldi eða minna miðast leifarnar við heildarþyngd úrbeinaðra matvæla. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið einn tíundi af gildinu sem reiknast út frá fituinnihaldi en má þó ekki vera undir 0,01 mg/kg.

(2) Þegar ákvarða skal leifar í hrámjólk og nýmjólk úr kúum skal miða við 4% fituinnihald, miðað við þyngd.

Fyrir hrámjólk og nýmjólk úr öðrum dýrum eru leifarnar gefnar upp miðað við fituinnihald.

Fyrir önnur matvæli, skráð í I. viðauka undir númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406:

— með fituinnihaldi innan við 2%, miðað við þyngd, er hámarksgildið helmingur þess sem sett er fyrir hrámjólk og nýmjólk,

— með fituinnihaldi 2% eða meira, miðað við þyngd, er hámarksgildið gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 25 sinnum það sem sett er fyrir hrámjólk og nýmjólk.

(3) Fyrir egg og eggjaafurðir með meira en 10% fituinnihaldi er hámarksgildið gefið upp í mg/kg af fitu.

Í slíkum tilvikum er hámarksgildið 10 sinnum það sem sett er fyrir ný egg.

(4) 1., 2. og 3. neðanmálsgrein gilda ekki ef neðri greiningarmörkin eru tilgreind.

III. VIÐAUKI

Varnarefnaleifar	Hámarksgildi í mg/kg (milljónarhlutar)		
	Í kjöti, þ.m.t. fita, unnar kjötvörur, innmatur og dýrafita sem skráð eru í I. viðauka undir númerum úr 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	í mjólk og mjólkurvörum sem skráð eru í I. viðauka undir númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406	í skurnlausum, nýjum eggjum, í fuglseggjum og eggjarauðu sem skráð eru í I. viðauka undir númerum 0407 00 og 0408
2,4-DB	0,05 (*) (p) kjöt 0,1 (p) lifur, nýru	0,01 (*) (p)	0,05 (*) (p)
oxasúlfúron	0,05 (*) (p)		

(*) Neðri greiningarmörk.

(p) Bráðabirgðahámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Verði þessu gildi ekki breytt verður það endanlegt og tekur gildi frá og með 31. desember 2007.

„IV. VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um	2,4-DB	Línúron	Pendímetalín	Ímasamox	Oxasúlfúron	Etoxýsúlfúron	Foramsúlfúron	Oxadíargýl	Sýasófamið
1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, varin skemmdum með frýstingu, án viðbættis sykurs; hnetur		0,05 (*) (p)							0,01 (*) (p)
i) SÍTRUSÁVEXTIR									
Greipaldin									
Sítrónur									
Súraldin (límónur)									
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)									
Appelsínur									
Pómelónur									
Annað		0,05 (*) (p)							0,01 (*) (p)
ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða skurnlausar)									
Möndlur									
Parahnatur									
Kasúhnetur									
Kastaníuhnetur									
Kókoshnetur									
Heslihnetur									
Goðahnatur (makadamíuhnetur)									
Pekanhnetur									
Furuhnetur									
Pistasíuhnetur									
Valhnetur									
Annað		0,05 (*) (p)							0,01 (*) (p)

[illegible]

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um	2,4-DB	Línúron	Pendímetalín	Ímasamox	Oxasúlfúron	Etoxýsúlfúron	Foramsúlfúron	Oxadíargýl	Sýasófamið
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)									
Aðalbláber									
Trönuber									
Rífsber (rauð og hvít) og sólber									
Garðaber									
Annað									0,01 (*) (p)
e) Villt ber og önnur aldin		0,05 (*) (p)							0,01 (*) (p)
vi) ÝMISLEGT									
Lárperur									
Bananar									
Döðlur									
Fíkjur									
Kíví									
Dvergappelsínur									
Litkabær									
Mangó									
Ólífur									
Píslaraldin									
Ananas									
Papæjaldin									
Annað	0,05 (*) (p)			0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,01 (*) (p)	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um	2,4-DB	Línúron	Pendímetalín	Ímasamox	Oxasúlfúron	Etoxýsúlfúron	Foramsúlfúron	Oxadíargýl	Sýasófamið
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað									0,01 (*) (p)
i) RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI									
Rauðrófur		0,2 (p)	0,2 (p)						
Gulrætur		0,5 (p)							
Hnúðsilla			0,2 (p)						
Piparrót									
Ætífiðill		0,2 (p)	0,2 (p)						
Nípur		0,2 (p)	0,2 (p)						
Steinseljurót									
Hreðkur									
Hafursrót									
Sætuhnúðar									
Gulrófur									
Næpur									
Kínakartöflur		0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)						
Annað		0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)						0,01 (*) (p)
ii) LAUKAR									
Hvítlaukur									
Laukur									
Skalottlaukur									
Vorlaukur									
Annað		0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)						

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um	2,4-DB	Línúron	Pendímetalín	Ímasamox	Oxasúlfúron	Etoxýsúlfúron	Foramsúlfúron	Oxadiargýl	Sýasófamið
e) Kryddjurtir									
Kerfill									
Graslaukur		1 (p)							
Steinselja		1 (p)							
Blaðsellerí		0,05 (*) (p)							
Annað			0,2 (p)						0,01 (*) (p)
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir)									
Baunir (með fræbelg)		0,1 (p)							
Baunir (án fræbelgs)									
Ertur (með fræbelg)		0,1 (p)							
Ertur (án fræbelgs)		0,05 (*) (p)							0,01 (*) (p)
Annað			0,05 (*) (p)						
vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt)									
Spergill									
Salatþistill		0,1 (p)							
Sellerí									
Fennika									
Ætiþistill									
Blaðlaukur									
Rabarbari		0,05 (*) (p)							
Annað		0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)						0,01 (*) (p)
viii) SVEPPIR									
a) Ræktaðir ætisveppir									
b) Villtir ætisveppir	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,01 (*) (p)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um	2,4-DB	Línúron	Pendímetalín	Ímasamox	Oxasúlfúron	Etoxýsúlfúron	Foramsúlfúron	Oxadiargýl	Sýasófamið
3. BELGÁVEXTIR									
Baunir									
Linsubaunir									
Ertur									
Annað	0,05 (*) (p)	0,1 (p)	0,1 (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,02 (p)
4. OLÍUFRÆ									
Hörfræ									
Jarðhnetur									
Valmúafræ									
Sesamfræ									
Sólblómafræ									
Repjufræ									
Sojabaunir									
Mustarðsfræ									
Baðmullarfræ									
Annað	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,01 (*) (p)	0,01 (*) (p)
5. KARTÖFLUR									
Sumarkartöflur									
Kartöflur af haustuppskeru	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,02 (*) (p)
6. TE (þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjað, úr laufi Camellia sinensis)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,02 (*) (p)
7. HUMLAR (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkt duft	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,1 (p) (*)	0,05 (*) (p)	0,05 (*) (p)	0,02 (*) (p)

(*) Neðri greiningarmörk.

(p) Bráðabirgðahámarksgildi leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EEB. Verði þessu gildi ekki breytt verður það endanlegt og tekur gildi frá og með 31. desember 2007.“